

Reglur um val í landslið DSÍ

1. grein

Landsliði DSÍ er skipt í tvennt, latin og ballroom landslið.

2. grein

Val í landslið er frá Íslands- og bikarmeistaramóti þessa árs til Íslands- og bikarmeistaramóts þess næsta.

Val í latin landslið gildir frá Íslands- og bikarmeistaramóti í latin til Íslands- og bikarmeistaramóts í latin árið á eftir.

Val í ballroom landslið frá Íslands- og bikarmeistaramóti í ballroom til Íslands- og bikarmeistaramóts í ballroom árið á eftir.

Val í 10 dansa landslið (það er í bæði latin og ballroom landslið) frá 10 dansa Íslandsmeistaramóti til 10 dansa Íslandsmeistaramóts árið á eftir.

3. grein

Þau pör sem eru í 1. - 3. sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnir (meistaraflokkar) latin og ballroom verða valin í landsliðið.

Í flokki fullorðina er valið í landslið bæði á Íslands- og bikarmóti.

Í flokkum ungmenna og unglinga II er eingöngu valið í landslið á Íslandsmóti.

Í flokki 10 dansa er eingöngu valið í 1 - 2.sæti.

4. grein

Þar í flokki ungmenna getur ekki tekið sæti í landsliðinu í flokki fullorðinna. Þar sem fyrir neðan er fær þá landsliðsréttinn.

5. grein

Þörin sem lenda í 1. og 2. sæti í meistaraflokki í latin og ballroom dönsum á Íslandsmeistaramóti DSÍ fá þátttökurétt á heims- og evrópumeistaramót WDSF.

Þör sem lenda í 3.sæti verða varasæti ef 1. eða 2. sætið fara ekki.

Þar sem lendir í 1.sæti í meistaraflokki á Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10. dönsum fær þátttökurétt á heims- og evrópumeistaramóti og heims- og evrópubikarmóti WDSF.

Þarið sem lendir í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

6. grein

Þar sem lendir í 1.sæti í meistaraflokki fullorðinna á bikarmeistaramóti DSÍ fær þátttökurétt á heims- og evrópubikarmóti WDSF.

Þarið sem lendir í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

7. grein

Ef þau pör sem rétt hafa skv. 3. – 6. grein geta af óviðráðanlegum ástæðum ekki nýtt sér rétt sinn til að fara á heims- og evrópumeistaramót sem og heims- og evrópubikarmót skal stjórn DSÍ fara í sætin fyrir neðan en það þar öðlast ekki sæti í landsliðinu.

8. grein

Danspörin sem ávinna sér keppnisrétt munu fá bréf frá DSÍ þar sem tilgreindur verður sá frestur sem parið hefur til að tilkynna hvort þau ætli að nýta sér keppnisréttinn.

DSÍ greiðir fasta upphæð sem ákveðin er hverju sinni þeim sem unnið hafa þátttökurétt á heimsmeistara- og evrópumeistaramót sem og heims- og evrópubikarmót, upphæð styrksins tilkynnist með boði hverju sinni.

9. grein

Til þess að danspar öðlist rétt til þátttöku í landsliði DSÍ verður annar aðillinn að ná minnst 14 ára aldri á almanaksárinu.

10. grein

Pör í landsliði DSÍ þurfa að samþykkja aga- og siðareglur DSÍ og landsliðsnefndar. Brot á þeim reglum geta leitt til brottvísunar úr landsliði.

11. grein

Landsliðsnefnd DSÍ gefur út aðgerða- og verkefnaáætlun í upphafi hvers landsliðstímabils sem er almanaksárið.

Í áætluninni skal gera grein fyrir verkefnum landsliðsins og hvernig stuðningi við landslið DSÍ verður háttað.

Áætlunin getur tekið breytingum eftir því sem líður á tímabilið en allar breytingar skulu tilkynntar landsliði DSÍ um leið og þær liggja fyrir.

Óskað er eftir því að landsliðspör DSÍ aðlagi sína dagskrá eins og frekast er kostur að dagskrá Landsliðs DSÍ.

Samþykkt á stjórnarfundum 7. febrúar 2023